



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	MMR22010029 152. löggjafafing Frumvarp til laga um breytingar á lögum um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	28. janúar 2021

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Frá því að samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs tók til starfa í byrjun árs 2020 hefur þörfin fyrir úrræðið sýnt sig. En eins og oft vill verða með lagasetningu hefur komið í ljós að þörf er á breytingum á lögunum með hliðsjón af því hvernig starf samskiptaráðgjafa hefur þróast. Má í því samhengi nefna að einstaklingar sem nýta úrræðið senda samskiptaráðgjafa oft á tíðum mjög viðkvæm gögn og er því talin þörf á að styrkja betur heimildir samskiptaráðgjafa til að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Markmiðið með frumvarpi þessu er að samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsmála fái viðhlítandi heimildir í lögum og að löggjöfin verði þannig úr garði gerð að störf hans nýtist sem best almenningi til heilla.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að samskiptaráðgjafi fái viðhlítandi heimildir til að vinna með þau gögn sem honum berast. Þá verður mælt fyrir um hlutverk hans til samræmis við þá þróun sem orðið hefur á starfinu á fyrstu starfsárunum. Einnig verður mælt fyrir um að samskiptaráðgjafa sé ekki skylt að afhenda gögn sem honum berast á grundvelli stjórnsýslu- eða upplýsingalaga til að taka af allan vafa en flest gögn sem honum berast eru þess eðlis að persónulegir hagsmunir þeirra sem í hlut eiga vega þyngra en hagsmunir almennings að hafa aðgang að þeim. Þá er til skoðunar að mæla fyrir um samræmdar siðareglur.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Starfið hefur þróast á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna. Þá hafa ýmsir ytri þættir haft áhrif. Mikilvægt er að samskiptaráðgjafi hafi viðhlítandi heimildir til starfa sinna sem og að tryggt sé að lagaumhverfið sé þannig úr garði gert að þeir sem til samskiptaráðgjafa leita geti treyst úrræðinu.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs segir „Stutt verður við íþróttahreyfinguna til að jafna stöðu karla og kvenna í íþróttum”.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2021-25 segir að meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttar- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttar- og æskulýðsstarf.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Að tryggja að úrræðið virki sem skyldi og að gæði og fagleg umgjörð um skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf verði sem best.
C. Leiðir
1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Réttarástand yrði óbreytt og samskiptaráðgjafi fengi ekki viðhlítandi heimildir sem og að það yrðu ekki gerðar breytingar á hlutverki hans o.fl. sem ráðuneytið telur nauðsynlegt. Þá gæti dregið úr trausti til þessa úrræðis ef samskiptaráðgjafa ber að afhenda persónuleg gögn. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Að mati ráðuneytisins þarf að gera lagabreytingar þar sem almenn stjórnvaldsfyrirmæli duga ekki. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Eingöngu breytingar á gildandi lögum kæmu til álita.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Áformað er að fara fram með frumvarp sem kveður á um tilteknar breytingar á gildandi lögum. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Í frumvarpinu verður kveðið á um breytt hlutverk samskiptaráðgjafa í þá veru að hlutverk hans sé einnig að afla upplýsinga vegna mála þar sem sá sem til hans leitar upplýsir um að hann hafi orðið fyrir atvikum eða misgjörðum í eða í tengslum við starfsemi sem fellur undir gildissvið laga þessara og greiða leið slíkra mála, meðal annars með útgáfu ráðgefandi álita til viðeigandi aðila. Er þetta lagt til með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á starfinu og brýnnar þarfar fyrir þetta hlutverk sem komið hefur í ljós að undanfögnu og verður þetta nýr tölul. sem bætist við 1. mgr. 5. gr. Þá verður kveðið á um að samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála sé ekki skylt að afhenda gögn sem hann hefur undir höndum á grundvelli stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Er þetta gert til að taka af allan vafa sem og til að tryggja að þeir sem til samskiptaráðgjafa leita geti treyst á úrræðið. Verður þetta ný málgrein við 7. gr. Einnig eru fyrirhugaðar breytingar til að tryggja að samskiptaráðgjafa sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar. Er þessi tillaga gerð þar sem þróun á starfinu hefur orðið sú að þeir sem til samskiptaráðgjafa leita eru að leggja fram ýmis viðkvæm gögn og telur ráðuneytið nauðsynlegt að samskiptaráðgjafi hafi þessa heimild. Verður þetta ný lagagrein í lagabálknum. Þá er til skoðunar hvort kveðið verði á um samræmdar siðareglur.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Löggjöf á sviði persónuréttar.
F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, KFUM og KFUM á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Æskulýðsvettvangurinn, Landsamband ungmennafélaga Samfés, önnur íþrótta- og æskulýðsfélög, iðkendur, almenningur. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Ekkert samráð hefur nú þegar farið fram að undanskildu samráði við samskiptaráðgjafann. 4. Fyrirhugað samráð Áform þessi eru nú á samráðsgátt stjórnvalda, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna frá 10. mars 2017. Þá verður frumvarp til laganna einnig sett á samráðsgátt í samræmi við það.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Ekki gert ráð fyrir að auknum ríkisútgjöldum.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Á hefðbundinn hátt. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Engar. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu+ Á ekki við. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Nei.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum